



Fundargerð

331. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 8. desember 2011, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson og Eggert Ólafsson í forföllum Ástu Kristjánsdóttur. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka tvö mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 330. fundur hreppsnefndar 10. nóvember 2011.

Farið yfir fundargerð. Fundargerð samþykkt.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 5. desember 2011.

Liður 1 - 1106001 Deiliskipulag fyrir fjögur svæði vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi nr. 60.

Auglýst var eftir athugasemdum skv. skipulagsögum nr. 123/2010 við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

- 1. Vestfjarðarvegur, Kjálkafjörður*
- 2. Vestfjarðarvegur, Litlanes*
- 3. Vestfjarðarvegur, Kirkjuból*
- 4. Vestfjarðarvegur, Mjóifjörður*

Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir deiliskipulagið.

Liður 2 – 1106002 Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018 Þórisstaðir í Þorskafirði.

Með vísan í 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkir sveitarstjórn Reykhólahrepps lýsingu á fyrirhugaðri skipulagsvinnu í landi Þórisstaða í Þorskafirði og verður hún send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt íbúum sveitarfélagsins.

Liður 3 - 1112005 – Breytinga á deiliskipulagi fyrir hótelið í Bjarkalundi í Reykhólahreppi.

Athugasemdir bárust frá Vegagerðinni vegna manar við afleggjara. Sveitarstjórn Reykhólahrepps telur athugasemd minniháttar og hefur tillagan verið lagfærð samkvæmt því. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir deiliskipulagið.

Liður 3 - 1111014 Fjárhagsáætlun nefndarinnar 2012 lögð fram.

Liður 4 - 1112001 - Þjónustusamningur um skoðun og viðhald búnaðar brunaviðvörðunarkerfis. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 24. nóvember 2011.

Farið yfir fundargerðina.

Liður 2- Fjárhagsáætlun nefndarinnar 2012, lögð fram.

Liður 3 – Sameining grunnskóla og leikskóla Reykhólahrepps. Skrifstofu falið að gera kostnaðaráætlun á launabætti sameiningar.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 29. nóvember 2011.

Farið yfir fundargerðina

Liður 2 – Fjárhagsáætlun nefndarinnar lögð fram.

Liður 3 – Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál. Sveitarstjórn gerir umsögn nefndarinnar að sinni.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

5. Hópur um Staðardagskrá 15. og 29. nóvember 2011.

Fundargerðir lagðar fram.

6. Stýrihópur um skólastefnu 23. nóvember og 1. desember 2011.

Fundargerðir lagðar fram.

7. Stjórn Barmahlíðar 7. desember 2011.

Engin fundargerð lögð fram, fundinum var frestað.

8. Velferðarnefnd 28. júní, 30. ágúst, 19. október og 30. nóvember 2011.

Fundargerðir lagðar fram.

Mál til afgreiðslu:

1. 1111014 – Fjárhagsáætlun 2012.

Fyrri umræða.

Fjárlög lögð fram til fyrri umræðu. Farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar, fyrir liggur að launahækkanir hafa verið miklar og munu koma þungt inn á næsta ári. Fara þarf vel ofan í liði á milli umræða og leita leiða til að spara í öðrum rekstrarkostnaði vegna ársins 2012.

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2012 í Reykhólahreppi er 14,48%. Auk útsvars 13,28% eru 1,20 % vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

2. 1112006 – Endurnýjun samnings um eldvarnaeftirlit.

Samningur við Eldstoðir ehf.

Samningur samþykktur, sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

3. 1112017 - Kaupþilboð í fasteign sveitarfélagsins.

Tilboð í félagsheimilið Vogaland frá Fasteignamiðstöðinni 15. nóvember 2011.

Ákveðið að hafna tilboðinu, sveitarstjóra falið að taka húsið af sölu og ganga frá lóðarmálum fasteignarinnar.

4. 1112018 – Atvinnustefna Stranda og Reykhólahrepps.

Verkefni atvinnuþróunarfélagsins í samstarfi við Reykhólahrepp og sveitarfélögin á Ströndum.

Sveitarstjórn samþykkir að fara í verkefnið á þeim forsendum sem hefur verið kynnt.

5. 1112007 – Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.

Tillaga frá velferðarnefnd Alþingis 23. nóvember 2011

Sveitarstjórn mun ekki veita umsögn.

6. 1112008 – Umsókn til Ferðamálastofu um styrk til að bæta aðstöðu ferðamanna í Flatey.

Umsókn Framfararfélagsins vegna ársins 2012.

Samþykkt að vísa umsókninni í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

7. 1112009 - Stuðningur við Snorraverkefnið sumarið 2012

Erindi frá verkefnisstjóra Snorraverkefnisins dagsett 7. nóvember 2012.

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

8. 1112010 – Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2012.

Erindi frá Stígamótum ódagsett.

Samþykkt að vísa umsókninni í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.

9. 1112011 – Umsókn um styrk vegna Eldvarnaáttaksins 2011.

Erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna dagsett 17. nóvember 2011.

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

10. 1111026 – Aukaping Fjórðungssambands Vestfirðinga 25. nóvember.

Kjörbréf fulltrúa, samþykkt á milli funda sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti kjörbréf fulltrúa vegna aukapings Fjórðungssambands Vestfirðinga á milli funda. Fulltrúar Reykhólahrepps voru Andrea Björnsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson.

11. 1112012 – Áskorun frá velferðarvaktinni.

Áskorun um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingaskyni frá velferðarvaktinni dagsett 14. nóvember 2011.

Kynnt.

12. 1112004 – Tillögur frá 47. sambandsþingi Ungmennafélags Íslands.

Afgreiðsla sex tillagna frá Ungmennafélagi Íslands dagsett 29. nóvember 2011.

Kynnt.

13. 1112013 – Upplýsingarit um starfsemi FÍÆT, félags íþrótt- æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi.

Erindi og bæklingur frá stjórn FÍÆT dagsett 18. nóvember 2011. .

Kynnt.

14. 1112014 – Ársskýrsla Húsafriðunarnefndar 2010.

Skýrsla lögð fram á fundi.

Kynnt.

15. 1112015 – 121. fundur Breiðafjarðarnefndar haldinn 17. ágúst 2011.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

16. 1112020 - Flugeldasýning Björgunarsveitarinnar Heimamanna Reykhólum.

Ósk um styrk, erindi frá björgunarsveitinni dagsett 7. desember 2011.

Gústaf Jökull Ólafsson vísar af fundi við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 100.000.

17. 1112021 - Endurreisn Ólafsdals.

Styrktarbeiðni frá Ólafsdalsfélaginu dagsett 8. desember 2011.

Erindinu vísað í gerð fjárhagsáætlunar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22:40

_____	_____
_____	_____
_____	_____